



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

12. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps var haldinn mánudaginn 27. febrúar 2024 kl. 17.00 í Hvítárdal.

Mætt til fundar, Sigfríð Lárusdóttir formaður, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir aðalmaður, Heimir Sigurðsson aðalmaður.

1. Drög að Heilsuviku í Hrunamannahrepp 16. – 22. september

- a. Nefndin óskar eftir að sveitastjórn samþykki að frítt verði í íþróttahús og sundlaug fyrir íbúa Hrunamannahrepps þessa vikuna.
- b. Nefndin óskar eftir því að fá aðgengi að félagsheimili fyrir fyrirlestra eða viðburði þessa vikuna án endurgjalds. Svo lengi sem félagheimilið sé laust.
- c. Nefndin ætlar að heyra í þeim sem voru með Flot í sundlauginni og Guggusund því það var mest sótt í þessa viðburði og óska eftir þáttöku.
- d. Ræða við félög innan sveitafélagsins um þátttöku í heilsuvikunni, hægt að skila inn umsókn um þátttöku í heilsuviku til 15. ágúst.
- e. Óska eftir hugmyndum og þátttöku frá Ungmennaráði, mögulega útfærslu á keppni milli heimila eftir því hvað hver fjölskylda er dugleg að mæta á viðburði – verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin.
- f. Óska eftir að fyrirtæki taki meiri þátt í heilsuvikunni.
- g. Óska eftir hugmyndum frá íbúum um viðburði í heilsuviku.
- h. Hafa samband við skóla og leikskóla með þeirra þátttöku í heilsuviku.
- i. Hvetja veitingastaði til að vera með heilsumatseðil þessa vikuna.

2. Undirbúningur fyrir val á Íþróttamanni Hrunamannahrepps

- a. Hafa samband við Formann UMFH og deildir innan UMFH ásamt hestamannafélaginu og auglýsa í þésum eftir tilnenningu til íþróttamans ársins.

3. Skoðun nefndarinnar á nýtingu þriðju hæðarinnar í íþróttahúsinu.

- a. Kostir félagsmiðstöðvar á þriðju hæð í íþróttahúsi
 - i. Stutt fyrir unglinga að fara á æfingar
 - ii. Betri forvarnir með tilliti til lengri vegalengdar til verslunar og þá í orkudryggi, sætindi og nikótíni

- b. Gallar þess að hafa félagsmiðstöð á 3 hæð í íþróttahúsi
 - i. Hávaði v. umgangs á 3 hæð fyrir iðkendur í tækjasals
 - ii. Mögulegt ráp unglunga í tækjasal og íþróttahús og óþægindi fyrir iðkendur tækjasals.
 - iii. Sami inngangur fyrir tækjasal og félagsmiðstöð
 - iv. Hávaði frá börnum.
 - v. Léleg hljóðeinangrun.
 - vi. Er rýmið nógu stórt og hentugt fyrir félagsmiðstöð ?
- c. Kostir að nýta þriðju hæðina í íþróttahúsi undir jóga, teygjur og eiginþyngdaræfingar
 - i. Hljóðlátari æfingar
 - ii. Hentugra með tækjasal og myndi bæta nýtni og auka möguleika á nýja rými tækjarsalarins.
 - iii. Heildarmynd tækjarsalar og æfingaraðstöðu yrði betri.